



# REIÐHALLA & UTANHÚS MOTTUR



HESTHÚS.IS



893 9919





# OTTO SPORT REIÐHALLA MOTTUR

## OTTO SPORT REIÐHALLAMOTTUR

Þýska fyrirtækið OTTO Sport International GmbH hefur verið leiðandi í þróun reiðhallagólfs í 64 ár.


Hesthús.is býður nú OTTO Sport reiðhallamottur, sem eru sérhannaðar fyrir yfirborðslag reiðhalla. Mottunum er fyrst og fremst ætlað að tryggja traust og fjaðrandi reiðgólf, með því að koma í veg fyrir að undirlag og yfirborðsefni reiðgólfsins blandist og með því að halda raka í yfirborði reiðgólfsins.

Hönnun og framleiðsla OTTO Sport reiðhallamottanna hefur það að makrmiði að rétt fjöðrun skapist á reiðgólfinu, þannig að hestum og mönnum líði vel. Upphleypdir krossar á yfirborði veita stöðugt undirlag fyrir hestinn og minnka þannig hættu á að á að hesur renni til í beygjum. Þegar hestur stígur niður beinist höggþunginn meira niður í mottuna en í fótlegg hestsins og léttir þannig verulega á liðum, liðböndum og sinum hestsins. Knapar, þjálfarar og reiðkennarar njóta einnig góðs af jöfnu og fjaðrandi gólfinu.

OTTO Sport reiðhallamotturnar eru með lokuðu yfirborði þannig að vatn fer ekki beint niður í jarðveginn heldur helst í yfirborðsefninu. Það auðveldar að halda réttu rakastigi á gólfinu og sparar vinnu við vökvun.

### OTTO Sport

Reiðhalla mottur sem eru sérhannaðar undir yfirborðslag innanhúss reiðhalla, með það að markmiði að skapa bestu aðstæður fyrir allar hestaíþróttir.



### Vörulýsing:

Mál 117 x 85 x 3,5 cm (þekja ca. 1 m<sup>2</sup>)  
50 stk á hverju vörubretti. Hver motta er ca 15 kg.

OTTO Sport reiðhallamottur er auðvelt að leggja, taka upp og endurleggja ef þarf. Þær eru lagðar á slétt en þétt undirlag með ca 2-3 cm millibili. Hvorki þarf að krækja né fella þær saman og ekki þarf sérhæfðan mannafla í verkið.

OTTO Sport reiðhallamotturnar eru notaðar víða um heim á tímabundin innisvæði og íþróttaleikvanga eða í fjölnota sýningarhallir, sem ekki eru byggðar eða ætlaðar fyrir hestaíþróttir eða hestasýningar eingöngu. Þannig skapast möguleikar á því að hestasýningar og hestaíþróttaviðburðir séu settir upp víða en en nú er gert.

OTTO Sport International GmbH veitir 20 ára ábyrgð.



# OTTO LOCH ÚTANHÚS MOTTUR

OTTO Loch utanhúsmotturnar eru hannaðar fyrir keppnisvelli og önnur útisvæði. Enn og aftur er velferð hestsins höfð að leiðarljósi sem og ending og viðhald keppnisvalla og útisvæða.

OTTO Loch utanhúsmottan er með götum sem hleypa rigningarvatni niður í jarðveginn en einnig háum lokuðum bollum sem halda raka í yfirborðinu. Yfirborðið er hannað til að veita dempun fyrir hófa, sinar og liði og til að skapa stöðugt undirlag, sem minnar hættu á að hesturinn renni til í beygjum eða undir álagi, þótt hratt sé riðið.

Framleiðandinn OTTO Sport International GmbH veitir 20 ára ábyrgð.

20 ÁRA  
ÁBYRGÐ

## SANDUR ER EKKI BARA SANDUR

Hjá OTTO Sport International GmbH hefur skapast mikil reynsla og þekking á því hvaða yfirborðsefni henta best í reiðhallir. OTTO hefur áratugum saman gert tilraunir með sand og fleira á sinni eigin rannsóknarstofu til þess að finna ákjósanlegustu blöndu yfirborðsefnis fyrir hesta og knapa. Niðurstaða þessara rannsókna er blanda af OTTO Arena Tex og OTTO GeoTextil sem lögð er ofan á OTTO Sport reiðhallamotturnar.

OTTO Arena Tex er hreinn mjög fínn kvars sandur með einstaklega hörðum sandkornum í ákveðinni stærð sem brotna ekki við mikið og langvarandi álag.

OTTO Geo Textil er fjaðrandi flístrefjafni sem blandað er saman við kvars sandinn.

OTTO Arena Tölt er hönnuð fyrir íslenska hestinn og er ákveðin blanda flísefnis og kvars sands af ákveðinni stærð sem þjappast hæfilega án þess að fjaðurmagn tapist.

Otto Arena Tölt blandan er lögð í 8-10 mm þykkt ofan á reiðhallamotturnar og úr verður sérstaklega stöðugt en fjaðrandi gólf, sem bæði hestar og menn hafa unun af að vinna á.

Slíkt reiðhallagólf endist árum saman með hæfilegri daglegri umhirðu, sem felst fyrst og fremst í að hreinsa úr hófum áður en farið er inn á gólfið og að hreinsa upp allt hrossatað jafnóðum. Mælt er með að hafa reiðhallarherfi til að jafna gólfið eftir þröfum.





**HESTHÚS.IS** |  **893 9919**